



## Borgarráð

### Hjólaskápar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við uppsetningu hjólaskápa við Laugalækjarskóla, Hvassaleitisskóla og Húsaskóla.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í október 2025 og er áætlaður framkvæmdatími 2 mánuðir.

Heildarkostnaðaráætlun er 51 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin felur í sér uppsetningu á hjólaskápum við Laugalækjarskóla, Hvassaleitisskóla og Húsaskóla, 10 stk. á hverjum stað.

Kostnaðarstaður: 3106  
Kostnaðaráætlun: 51 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri  
Skrifstofa framkvæmda og eignaumsjónar  
*Umhverfis- og skipulagssvið*

Hjálagt:

- Kynning



# Hjólaskápar

Uppsetning hjólaskápa við skóla



# Núverandi hjólaskápar

Settir voru upp hjólaskápar við Laugarnesskóla og Háteigsskóla í tilraunaskyni

- Til þess að bæta aðgengi fyrir starfsfólk skólanna sem að koma hjólandi.
- Hjólaskáparnir eru færanlegir og fylgst er með notkun þeirra á hverjum stað fyrir sig - notkun á núverandi skápum er á bilinu 70-100% þegar best lætur.



Hjólaskápar við Háteigsskóla



Hjólaskápar við Laugarnesskóla



# Lýsing á framkvæmd

- Um er að ræða uppsetningu á 10. stk. við Laugarlækjarskóla, Hvassaleitisskóla og Húsaskóla
- Þessi lausn hjólaskápa krefst ekki deiliskipulagsbreytinga eða framkvæmdaleyfa.
- Skáparnir styðja við breyttar ferðavenjur og draga úr þörf fyrir bílastæði.
- Lausnin er afturkræf og sveigjanleg, auðvelt er að færa eða fjarlægja skápa ef þörf krefur.
- Mætir fjölgun þeirra sem velja að hjóla til vinnu og styrkir markmið borgarinnar um vistvænar samgöngur.
- Lausnin er m.a. hugsuð til að mæta þörf kennara og starfsmanna skóla sem vilja koma hjólandi til vinnu.
- Starfsmenn Reykjavíkurborgar eiga þannig raunhæfan kost á að nýta vistvænan samgöngumáta.
- Í núverandi húsnæði skólanna er ekki til staðar aðstaða fyrir örugga hjólageymslu starfsmanna.
- Skólamannvirki eru fullnýtt og engin innanhússrými tiltæk fyrir hjólageymslu.



# Kostnaður og verktími

- Heildarkostnaður framkvæmdarinnar er 51 m.kr.  
Verkefnið er fjármagnað úr hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2025
- Áætlað er að hefja framkvæmdir í október 2025 og ljúka þeim fyrir árslok 2025.



**Reykjavík**